



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
bt. bæjarráðs  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 22. ágúst 2017  
1705211 SPH/hs

**Efni: Fimleikahús Vesturgötu - hönnun / rýnihópur**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 21. ágúst 2017 var fjallað um tillögur rýnihóps, um stækkun fimleikahúss úr 1410 m<sup>2</sup> í 1632m<sup>2</sup> samanber greinargerð hönnuðar.

*Bókun skipulags- og umhverfisráðs.*

Skipulags- og umhverfisráð tekur undir tillögur rýnihóps.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð, að tekið verði tillit til kostnaðaraukningar á fimleikahúsi við gerð fjárhagsáætlunar 2018.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.: Greinargerð hönnuðar Kristjáns Garðarssonar  
Stækkun gólfs

**Fimleikahús við Vesturgötu, Akranesi**  
**Stækkun fimleikagólfs**

Í framhaldi af fundi rýnihóps 26. júlí 2017 komu Þórdís og Brynjar frá Fima á fund arkitekts. Erindið var að máta búnað inn í þáverandi áætlaða stærð hússins, sem var að utanmáli 47x30 metrar.

Í þeirri vinnu kom í ljós, að til að nýta megi húsið **bæði fyrir æfingar og keppni/mót** þá þurfti að stækka húsið í **48x34 metra**, þ.e. fjóra metra á breidd og einn á lengd. Rúmast það innan byggingarreits sem skilgreindur er á deiliskipulagsuppdrætti sem nú er í kynningu. Einnig náðist auka meter á breidd fimleikagólfs með því að mjókka steypa áhorfendapalla um einn meter, og er því **fimleikagólfið sjálft í núverandi tillögu 47x28 metrar**. Stækkar húsið þannig úr 1410m<sup>2</sup> í **1632m<sup>2</sup>** eða 15,7%.

Kom þessi stækkun einkum til af eftirfarandi þáttum:


- Viðmiðunar lágmarksstærð UEG á keppnisgólfi er 40x30m. Með lagni má raða þannig upp að hægt er að hanna húsið í öðru hlutfalli og á það við í þessu tilfelli. Við þennan lágmarks gólfplöt bætast gryfjur og trampólín og taka einnig áhöld töluvert gólfpláss sem þarf að vera til viðbótar við lágmarksstærð keppnisgólfs.
- Fyrir stækkun var illgerlegt að koma fyrir „Fast Track“ sem er afar mikilvægur liður í tækniþjálfun. Einnig var erfitt að koma fyrir keppnisáhöldum s.s. dansgólfi, tveim litlum trampólínum með lendingu og fíbergólfi með lendingu. Þessi búnaður er afar mikilvægur svo félagið geti talist samanburðarhæft við önnur fimleikafélög í landinu – einkum þegar kemur að eldri iðkendum sem annars staðna eða flytja sig yfir í önnur félög. Þá gerir búnaðurinn þjálfurum kleift að undirbúa iðkendur vel fyrir æfingar á keppnisáhöldum í öruggu umhverfi sem ver þá fyrir álagi og meiðslum.
- Stækkandi félag þarf einfaldlega stærri aðstöðu. Tala iðkenda slagaði á síðustu önn í 500 – og þar sem áhuginn er vaxandi og mun enn aukast með nýju húsi þarf stærð að taka mið af því.
- Með stærra húsi verður hægt að þjálfra marga hópa í einu á öllum tímum dags í aðstöðu sem hentar öllum aldurshópum á öllum getustigum.

Þessi nýja og stærri tillaga var kynnt rýnihópi 9. ágúst 2017. Í framhaldi af þeim fundi skoðuðu arkitektar áætlaðan kostnað við stærra hús, uppfærslu/breytingar á búningssklefum, breytingar á anddyri og hækkun á „Þekju“. Þar sem hönnun er á frumstigi og verkfræðingar ekki komnir að verkinu, skoðast þessar kostnaðartölur í því ljósi sem frumkostnaðaráætlun.

- |                                  |               |
|----------------------------------|---------------|
| • Fimleikahús 1632m <sup>2</sup> | 480 milljónir |
| • Búningssklefar                 | 52 milljónir  |
| • Anddyri, lyfta, aðgengi        | 30 milljónir  |
| • Þekja, óinnréttað              | 90 milljónir  |

Þá eru þjálfarar Fima að vinna í því að fá tilboð í þann búnað sem vantar á fimleikagólfið.

Kristján Garðarsson arkitekt faí



Fimleikahús við Vesturgötu  
1. hæð

**67. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
21. ágúst 2017 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

1. **1703203 - Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata breyting y/ fimleikahúss**  
Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá og með 22. júní til og með 8. ágúst 2017. Tvær athugasemdir bárust við skipulagið.  
*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna greinargerð vegna ofangreindra athugasemda.*
2. **1705211 - Fimleikahús Vesturgötu - hönnun**  
*Skipulags- og umhverfisráð tekur undir tillögur rýnihóps, um stækkun fimleikahúss úr 1410m<sup>2</sup> í 1632m<sup>2</sup> samanber greinargerð hönnuðar.*  
*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð, að tekið verði tillit til kostnaðaraukningar á fimleikahúsi við gerð fjárhagsáætlunar 2018.*
3. **1701210 - Aðalsk. - Sementsreitur, breyting / íbúafundur**  
Aðalskipulagið var auglýst frá og með 22. júní til og með 8. ágúst 2017. Tveir aðilar sendu inn sameiginlega athugasemd.  
*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna greinargerð vegna ofangreindra athugasemda.*
4. **1604011 - Deilisk. - Sementsreitur**  
Deiliskipulagið var auglýst frá og með 22. júní til og með 8. ágúst 2017. Tveir aðilar sendu inn sameiginlega umsögn.  
*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna greinargerð vegna ofangreindra athugasemda.*
5. **1705220 - Vallholt 3 og 3A - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**  
Bréf dags. 7. júlí s.l. þar sem óskað er eftir álit skipulags- og umhverfisráðs á að sameina og breyta notkun lóðanna við Vallholt 3 og 3A.  
*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í breytingar á skipulagi lóða við Vallholt 3 og 3A. Ljóst er að ef breyta þarf landnotkun úr iðnaðar- og athafnalóð í fjöleignarhúsalóð þarf breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi lóðanna.*

+

+

+

+

+